

Samantekt

Samantekt: Þróun fjárhagslegra stærða rekstrarfélaga á íslenskum
hlutabréfamarkaði á árunum 2003 - 2007

Nemandi: Erlendur Davíðsson

Sérsvið: Viðskiptafræði - Fjármál fyrirtækja

Dagsetning: Október 2008

Tilgangur með rannsókn þessari var að fá heildaryfirsýn yfir árangur og verðlagningu rekstrarfélaga sem skráð voru í Kauphöll Íslands á árunum 2003 – 2007. Ársreikningar rekstrarfélaganna voru helstu gögn rannsóknarinnar. Alls voru 158 ársreikningar 52 rekstrarfélaga greindir og upplýsingum úr efnahagreiðningi, rekstrarreiðningi, sjóðstreymisyfirliti ásamt skýringum endurraðað inn í Excel líkan sem var sérstaklega smíðað fyrir rannsóknina. Í líkaninu var hægt að vinna með upplýsingar sem nauðsynlegar voru úr ársreikningum rekstrarfélaganna og ýmis markaðsgögn. Helstu fjárhagsstærðir voru að því loknu teknar saman fyrir hvert og eitt félag og dreifing og þróun hvernar stærðar skoðuð fyrir allan rannsóknarhópinn. Meðal þess sem litið var sérstaklega til var eignasamsetning, arðsemi, fjármagnsskipan, greiðsluhæfi, verðlagning og ávöxtun.

Helstu niðurstöður eru þær að miðgildi arðsemi rekstrarfjármuna náði hæst 7,1% á árinu 2005. Af alls hundrað rekstrarárum var arðsemin aðeins hærri en 10% í nítján tilfella. Þegar litið er til arðsemi eigin fjár er miðgildi þess frá 12,2% - 14,9% á fyrstu þremur árunum en einungis 4,4% árið 2006 og 3,8% árið 2007. Hlutfallslega voru þó fá rekstrarfélög skráð á þessum tíma. Miðgildi EBITDA-framlegðar lækkaði ár frá ári á rannsóknartímabilinu og fór úr 17,4% á árinu 2003 í 8,4% á árinu 2007. Félögin virðast hafa verið nokkuð hátt verðlögð ef litið er til V/H hlutfalls og rekstrarvirðis sem hlutfalls af EBITDA en miðgildi þess hlutfalls stóð í 16,6 í lok árs 2005. Meðaltal markaðsvirðis hvers félags jókst úr tæpum 7 milljörðum í lok árs 2002 í rúman 31 milljarð í lok árs 2007. Meðaltal virðisaukningar á markaði hækkaði úr 2,6 milljörðum í 17,8 milljarða á sama tímabili. Meðaltal rekstrarvirðis hvers félags í lok ársins 2007 var rúmir 67 milljarðar sem er tæpum 20 milljörðum hærra en stærsta skráða rekstrarfélag í lok árs 2002. Miðgildi arðgreiðsluhlutfalls lækkaði á tímabilinu og nam 0% á árunum 2006 og 2007. Þá var heildarávöxtun hlutafjäreigenda á tímabilinu aðallega í formi gengisbreytinga.